

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 128/492**  
**komudagur 4.12.2002**

Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Vilhjálmsson Egilssonar.

Reykjavík, 4. desember 2002.

Samkvæmt samtali sendi ég eftirfarandi tillögu um breytingar á lögum um fjármálastarfsemi.

**Breytingartillaga við 64. grein:**

við lokasetningu greinarinnar bætist: "nema samþykktir sparisjóðsins heimili veð setningu að fengnu samþykki stjórnar".

**Skýringar:**

Örfá dæmi eru um að sparisjóðir hafi á síðustu árum aukið eigið fé sitt verulega með sölu á stofnfé til almennings. Jafnframt hafa þeir gert kaupin fýsilegri með loforði um að heimila framsal stofnfjárhluta eða að leysa til sín hlutina að öðrum kosti, enda þarf ávallt að afla heimildar til framsals hjá stjórn sparisjóðs.

Dæmi um þetta er Sparisjóður Kópavogs. Stofnfé var aukið úr um 15 m.kr. fyrir tæpum 4 árum og er það nú (A og B stofnfé) um 430 m.kr. af um 660 m.kr. eigin fé. Einstaklingi hefur verið heimilt að eiga að hámarki 2,4% í A hluta. Er það um það bil 9,5 m.kr. Allmikil hreyfing hefur verið á stofnfénu, bæði innlausn á stofnfé og endursala þess. Undantekningarlítið hefur stjórnin leyst inn stofnfé í stað þess að heimila framsal.

Þurfi stofnfjäreigandi í sparisjóði að afla sér fjár tímabundið getur hann þurft að óska innlausnar á stofnfé sínu en veðsetja það ella, sé það heimilt. Sé fyrir hendi heimild til veðsetningar stofnfjár getur það stuðlað að meiri stöðugleika í viðskiptum með stofnfé í sparisjóðum og enn stuðlað að því að gera kaup stofnfjár að fýsilegum fjárfestingarkosti. Þetta auðveldar sparisjóði að eflast innan þess þrönga ramma sem honum er sniðinn.

Sérstök ástæða er til að benda á að heimild til veðsetningar á ekki að skapa hættu á að stofnféð gangi til viðkomandi kröfuhafa án vilja stjórnar. Stjórnin þarf ávallt að heimila veðsetningu auk þess sem hún getur sett skilyrði í veitta veðsetningarheimild þess efnis að þurfi kröfuhafi að fullnusta kröfu með yfirtöku veðandlags beri honum að hafa samband við viðkomandi sparisjóð og æskja innlausnar eða fá heimild til framsals.

Hafa ber í huga að í mörgum sparisjóðum er stofnfé hvers stofnfjäreigenda lágt og því er ekki sérstakur áhugi fyrir því að stuðla að mikilli hreyfingu stofnfjárins. Þeir sparisjóðir myndu því væntanlega ekki setja ákvæði í samþykktir sínar erheimluðslíka veðsetningu.

F.h. stjórnar Sparisjóðs Kópavogs,

  
Karl M. Kristjánsson